

Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs.
Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Sauðárkrókur, 7. október 2021

202109182

6.5

SA

Efni: Úttekt á Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda 2021


Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) tryggir samræmingu eldvarnarefirlits og slökkvistarfs um land allt. Í því skyni skal stofnunin gera sjálfstæðar athuganir og úttektir með því að leiðbeina sveitarstjórnnum um þær kröfur sem gerðar eru til eldvarnaefirlits og starfsemi slökkviliða samkvæmt 6. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.


HMS framkvæmdi úttekt á Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda þann 6. september 2021. Markmiðið var að staðreyna hvort framkvæmd starfs slökkviliðsins væri í samræmi við lög um brunavarnir, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og brunavarnaáætlun sveitarfélagsins og koma á framfæri leiðbeiningum til sveitarstjórnarinnar um það sem betur mætti fara eftir því sem við á.

Til samræmis við áskilnað í 6. gr. laga um brunavarnir var leitað umsagnar slökkviliðsstjóra við úttektina og við niðurstöður hennar var tekið tillit til fenginna athugasemda hans. Hjálagð fylgir niðurstaða og leiðbeining um þau atriði sem þarfnast úrbóta. Þá leggur HMS til við sveitarstjórn að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur og er þess óskað að HMS berist svar berist frá sveitarstjórn með áætlun um úrbætur við athugasemdum stofnunarinnar.

Telji HMS að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum um brunavarnir eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ber stofnuninni að undangenginni viðvörðun til sveitarstjórnar að tilkynna það til ráðuneytis, sbr. 33. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Virðingarfyllt,
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar


Þorlákur Snær Helgason,
sérfræðingur á brunavarnasviði


Stefán Arnason,
sérfræðingur á brunavarnasviði

Afrit sent til slökkviliðsstjóra

Úttekt á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda
Dalabyggð

6. september 2021

Úttektaraðilar: Þorlákur Snær Helgason og Stefán Árnason

Hér fyrir neðan eru samandregnar þær athugasemdir sem gerðar voru við úttektina. Litakóði í mati gefur til kynna alvarleika athugasemda að mati sérfræðinga HMS.

	Lítið frávik
	Þarfnast úrbóta
	Ekki í lagi

Athugasemdir vegna húsnæðis:

Atriði	Mat	Lýsing
Er slökkvistöðin snyrtileg	Lítið frávik	Geymsla á búnaði er í óreiðu, setja þyrfti upp skilvirkari geymslu. (sjá mynd 1 og 2)
Aðstaða til að þrifa hlífðarfatnað og annan búnað slökkviliðs	Lítið frávik	Takmörkuð aðstaða er til að þrifa hlífðarfatnað og búnað, en hlífðarfatnaður er sendur í þvottahús í Borgarbyggð, tekur allt að 48 klst að fá til baka.
Aðstaða til að þrifa mannskap	Þarfnast útbóta	Engin aðstaða er til að þrifa mannskap eftir útköll. Gera þyrfti samning um afnot að sundlaug eða sambærilegu sem mannskapur geti nýtt sér.
Plássþörf slökkvistöðvar sbr. leiðbeiningum 6.086	Ekki í lagi	Slökkvistöðvar þurfa að uppfylla kröfur um kaffistofur, snyrtingar og böð. Slökkvistöðin uppfyllir ekki þær kröfur þar sem engin starfsmannaaðstaða er til staðar. Einnig er plássíð í kringum dælubifreið takmarkað (Sjá myndir 3 og 4)

Athugasemdir vegna reksturs slökkviliðs

Atriði	Mat	Lýsing
Sinnir slökkvilið lögbundnum hlutverkum sínum	Ekki í lagi	Slökkviliðið hefur ekki mengunarvarnarbúnað eða eiturefnagalla til umráða. Ekki hefur verið gerður samstarfssamningur við annað slökkvilið um viðbragð við slíku.
Uppfyllir sveitastjórn kröfur varðandi starfsemi slökkviliðsins	þarfnast úrbóta	Slökkviliðið er ekki búið til að fullnægja öllum lögbundum hlutverkum sínum. Slökkviliðið er á vegum sveitarfélagsins og sveitarfélaginu er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs fullnægi kröfum samkvæmt lögum um brunavarnir nr.75/2000
Er til staðar gild brunavarnaráætlun sbr. 13. gr. laga nr. 75/2000	Ekki í lagi	Brunavarnaráætlun er ekki til staðar. Er í vinnslu
Ertu til samstarfssamningar við nágrenna slökkvilið sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 747/2018	þarfnast úrbóta	Gerðir hafa verið skriflegir samstarfssamningar við nágrenna slökkvilið vegna samliggjandi útkallssvæða. Hins vegar hafa ekki verið gerðir samningar vegna hlutverka sem slökkviliðið getur ekki sinnt vegna menntunar- og búnaðarleysis.
Er upplýsingum um rekstur slökkviliðs skilað til HMS fyrir 1. maí ár hvert, sbr. 8 gr. reglugerðar nr. 747/2018	Lítið frávik	Upplýsingum um rekstur slökkviliðs er ekki skilað til HMS. Með rekstri er átt við sambærilega skýrslu og gefin er árlega til sveitarfélags, þar sem dregin er saman tölfræði ársins.
Er næginlegt vatn og vatnsþrýstingur fyrir hendi til slökkvistarfs	þarfnast úrbóta	Slökkviliðsstjóri hefur gert drög að skýrslu um þéttni brunahana í þéttbýli. Niðurstöður hennar benda til þess að of langt sé á milli brunahana, þeir of fáir og rennslis og þrýstingsmælingar ekki í lagi.

Hefur slökkvilið viðeigandi búnað og þjálfun í skyndihjálpi í samræmi við reglugerð	Þarfnast úrbóta	Slökkvilið þarf búnað og þjálfun í skyndihjálpi. Hjartastuðtæki og annar skyndihjálparbúnaður er nauðsynlegur búnaður til að efla öryggi slökkviliðsmanna
Hefur slökkvilið viðeiginandi fjarskiptabúnað í samræmi við reglugerð	Þarfnast úrbóta	Fjarskiptabúnaður slökkviliðs hefur skánað en er þó kominn til ára sinna og hefur þörf á endurnýjun á öllum stöðum.
Er haldin skrá yfir reykkaðanir	Lítið frávik	Skráning á reykköfun þyrfti að vera skilvirkari
Er til neyðaráætlun um hvernig bregðast skuli við slysum og öðrum hugsanlegum neyðaratvikum við reykköfun, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 1088/2013	Þarfnast úrbóta	Áætlunin er ekki til á blaði og því ekki aðgengileg.

Athugasemdir vegna þjálfunar mannskaps:

Atriði	Mat	Lýsing
Er þjálfunaráætlun til staðar	Þarfnast úrbóta	Eftir á að útbúa skriflega æfingaráætlun fyrir komandi vetur
Menntun slökkviliðs	Þarfnast úrbóta	Klára þarf verklegan hluta námskeiða við fyrsta tækifæri. Einnig þyrfti að senda hluta slökkviliðs í námskeið 4. Þar sem enginn í liðinu hefur þjálfun fyrir verkefni vegna eiturefna og mengunaróhappa
Hæfniskröfur slökkviliðsmanna	Ekki í lagi	Aðeins hluti slökkviliðsmanna liðsins hafa farið í reglubundna læknisskoðun. Engir hafa hins vegar farið í reglubundið þol eða styrktarpróf.

Reykköfunarréttindi	Ekki í lagi	Engir starfsmenn slökkviliðsins hafa gild reykköfunarréttindi, þar sem þjálfunar og heilsfars skilyrðum er ekki mætt. Einnig hefur ekki verið send inn skrá til HMS yfir starfsmenn sem uppfylla skilyrði til reykköfunar.
---------------------	-------------	---

Athugasemdir vegna persónulegra hlífðarfata og búnaðar:

Atriði	Mat	Lýsing
Er til viðkenndur undirfatnaður fyrir slökkviliðsmenn sem er úr efnum sem ekki bráðna við hita	Þarfnast úrbóta	Slökkviliðsmönnum er ekki úthlutað viðeigandi undirfatnaði til að klæðast undir eldgöllum.
Eiturefnagallar slökkviliðs	Ekki í lagi	Slökkviliðið hefur útrunna og óúttekna eiturefnagalla til umráða. Bæta þarf búnað og menntun liðs fyrir þess konar verkefni
Uppfyllir slökkvilið kröfur um lágmarksbúnað vegna mengunaróhappa	Ekki í lagi	Slökkvilið uppfyllir ekki kröfur um lágmarksbúnað. Kerra með mengunarvarnarbúnaði, frá 2007, stendur utandyra á Hólmavík

Athugasemdir vegna reykköfunarbúnaðar:

Atriði	Mat	Lýsing
Sogrör loftpressu skal þannig staðsett að engar líkur séu á því að hún geti dregið til sín útblástursloft aflvéla. Sbr. 9 gr. reglugerðar 1088/2013 og leiðbeiningar HMS 2.07	Þarfnast úrbóta	Loftinntak fyrir loftpressuna á að vera utandyra og þannig fyrir komið að útblástur, reykur, lífrænir leysar o.þ.h. komist ekki inn í það. Loftið sem tekið er inn á að vera eins kalt og þurr og kostur er. Í flestum tilfellum þarf loftinntakið að vera yfir þaki. (sjá mynd 5 og 6)

Athugasemdir vegna eldvarnareftirlits:

Atriði	Mat	Lýsing
Er samvinna við byggingafulltrúa varðandi yfirferð á teikningum	Lítið frávik	Ekki er næginleg samvinna við byggingarfulltrúa varðandi yfir ferð á teikningum. Slökkviliðsstjóri ekki kallaður til við yfirferð á teikningum. Ekki mikið um nýbyggingar skv slökkviliðsstjóra
Fer nægjanlegur hlut af heildarframlagi sveitarfélags til slökkviliðs í forvarnir og eftirlit	Lítið frávik	Efla þyrfti hluta eldvarnareftirlits og forvarna til að hægt sé að sinna því sem skyldi
Fær slökkviliðsstjóri tilkynningu um umfangsmikla geymslu á eitraðri og ætandi vöru, eldnærandi efnum, gasi undir þrýstingi o.þ.h. Sem við eldsvoða getur haft í för með sér sérstaka hættu	Þarfnast úrbóta	Vantar frekari upplýsingar. T.d. vegna umfangsmikillar starfssemi í sveitarfélaginu. Svo sem færanlegar malbikunarstöðvar og svo framvegis. Sveitarfélag skal upplýsa byggingaraðila og aðra stórtæka verktaka um tilkynningaskyldu þeirra, gagnvart slökkviliðsstjóra, í sambandi við umfangsmikla geymslu á hættulegum og/eða eldnærandi efnum sem kann að fylgja starfsemi þeirra.

Athugasemdir vegna ökutækja:


Atriði	Mat	Lýsing
Loftpressa fyrir ökutæki	Þarfnast úrbóta	Ekki er loftpressa til að tengja inn á dælubifreið. Þannig að fyrstu aðgerðir fara í að keyra lofti inn á kerfi bifreiðar. Slíkt getur tafið útkall um mínútur sem geta skipt sköpum (sjá mynd 7)
YV-317 Dælubifreið	Ekki í lagi	Ekki náðist að keyra upp þrýsting fyrir one seven kerfi bifreiðar. Tvö froðuúttök, annað keflið bilað og þarfnast viðhalds. (mynd 8)
Aukin ökuréttindi starfsmanna	Lítið frávik	Fækkun er í liðinu af starfsmönnum með aukin ökuréttindi. Finna þyrfti leið til að efla þann fjölda á ný.
Aldur tankbifreiðar YV-317	Ekki í lagi	Aldur tankbifreiðar er ekki í samræmi við leiðbeiningar um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar slökkviliða. (sjá mynd 9)
Tankbifreið YV-317	Þarfnast	Það er olíuleki til staðar (sjá mynd 10)



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



Mynd 5



Mynd 6



Mynd 7



Mynd 8



Mynd 9



Mynd 10